

Starfsreglur fyrir laga- og leikreglnanefnd KSÍ

1.gr.

Laga- og leikreglnanefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ. Laga- og leikreglnanefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, og minnst tveimur lögfræðingum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Formaður boðar til funda og stýrir þeim

3.gr.

Laga- og leikreglnanefnd er stjórn KSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær eru rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu. Nefndin skal reglubundið fara yfir lög KSÍ og reglugerðir og leggja til þær breytingar sem nefndin telur nauðsynlegar hverju sinni.

4.gr.

Laga- og leikreglnanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5.gr.

Framkvæmdastjóri KSÍ er starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Fundargerðir skulu lagðar fyrir stjórn KSÍ í samærmi við starfsreglur stjórnar. Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6.gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 17. apríl 2015.